

manna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera fjögur ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

**um breyting á lögum nr. 51/1957, um vísindasjóð.**

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Stofna skal sjóð, er nefnist vísindasjóður.

Tekjur sjóðsins eru:

A. Fjárveiting, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.

B. Fjárframlag frá Seðlabanka Íslands skv. 33. gr. laga nr. 10/1961.

A. m. k. 5% af árlegum peningatekjum vísindasjóðs skulu lögð í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild vísindasjóðs. Höfuðstól stofndeildar má aldrei skerða, en heimilt er að verja vöxtum af fé stofndeildar til almennrar starfsemi sjóðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Gylfi Þ. Gíslason.*